

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá 3. minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Almennt.

Að mati 3. minni hluta er stefnumörkun fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar á málefnasviðum allsherjar- og menntamálanefndar verulega ábótavant. Fyrst og fremst verður að teljast ámælisvert að fjármögnun málefnasviðanna sé ekki flokkuð niður á málaflokka hvers málefnasviðs fyrir sig heldur sé þar einungis að finna eina línu með heildarfjármögnun til sviðsins. Ólíklegt verður að teljast að slíkt fyrirkomulag standist stjórnarskrá þar sem hæpið er að Alþingi, sem fer með fjárfjórvaldið, geti sinni því hlutverki sínu ef fjármálaáætlun inniheldur engar nákvæmar sundurliðaðar áætlanir um fjármögnun einstakra málaflokka eða verkefna. Samþykki þingið fjármálaáætlun án þess að fá fram þær upplýsingar má leggja það að jöfnu við að Alþingi afsali sér stjórnarskrárbundnu hlutverki sínu til að ráðstafa fjármunum hins opinbera.

Auk þessa er augljóst að fjármálaáætlun stenst ekki kröfur laga um opinber fjármál um gagnsæi þegar sundurliðun einstakra málefnasviða og verkefna skortir eins og fram kemur í umsögn fjármálaráðs:

„Samræmd framsetning stefnumótunar er af hinu góða og sé hún formuð á einfaldan og skiljanlegan hátt þá styður hún við gagnsæi og eykur líkur á að stefnumótunin gangi eftir. En það er ekki síður mikilvægt að unnt sé að greina sameiginlegan þráð í gegnum kaflana í stefnumótun hvers málefnasviðs. Þannig ættu t.d. að vera listaðar aðgerðir til að mæta helstu áskorunum, setja þarf undirmarkmið og mælikvarða sem stuðla að því að meginmarkmið náist og gera þarf grein fyrir fjármögnun verkefna. Nokkuð vantar upp á að greina megi þráðinn í framsetningunni. Í síðasta kaflanum um fjármögnun ætti jafnframt að gera grein fyrir nýtingu þess fjármagns sem málefnasviðinu er úthlutað. Í lögnum segir að gera skuli grein fyrir nýtingu fjármagns og áherslum við innkaup en þó ber lítið á að svo sé gert. Í töflu um fjármögnun hvers málefnasviðs er aðeins ein lína með heildarfjármögnun til þess. Fjármögnun er ekki einu sinni flokkuð niður á málaflokka hvers málefnasviðs. Lítið sem ekkert er minnst á innkaup í stefnumótun málefnasviða. Það vantar því upp á gagnsæi hvað þetta varðar.“

Þriðji minni hluti tekur undir þetta mat fjármálaráðs. Að mati 3. minni hluta er ómögulegt með öllu fyrir þingið að mynda sér upplýsta afstöðu um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar án þess að gert sé grein fyrir fjármögnun verkefna og að fjármögnun sé hið minnsta flokkuð niður á málaflokka hvers málefnasviðs. Án þeirrar lágmarksviðleitni fær 3. minni hluti ekki séð að þingið geti sinnt stjórnarskrárbundnu fjárveitingarhlutverki sínu, né eftirlitshlutverki sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Sem dæmi um skort á gagnsæi má nefna málefnasviðið almanna- og réttaröryggi, en undir það svið heyra löggæslumál, landhelgismál, málefni ákærvalds og réttarvörslu, réttarástod og bætur sem og fullnustumál. Ómögulegt er fyrir löggjafann að átta sig á fjármögnun hvers málaflokks fyrir sig þar sem hún er ekki sundurliðuð fyrir málaflokka í áætluninni. Þó er um afar fjölbreytta málaflokka að ræða sem allir innihalda stofnanir og starfsemi sem sinna

mikilvægum hlutverkum í samfélaginu. Ljóst er af lestri umsagna margra þeirra stofnana sem falla undir málefnasviðið að þær telja sig ekki geta metið hver rekstrarafkoma þeirra verður næstu fimm árin vegna þess að fjármálaáætlun inniheldur engar upplýsingar þar um. Þannig eru ríkisstofnanir að giska frekar en að meta hvort og hversu mikið fjármagn fáist í hin ýmsu verkefni sem þeim eru falin.

Umræddur skortur á sundurliðun og þar með gagnsæi í fjármálaáætlun virðist einnig vera þess valdandi að sumar stofnanir sjá sig knúnar til þess að taka afstöðu gegn öðrum stofnunum innan sama málefnasviðs til þess að styrkja stöðu sína í því óvissuástandi sem fjármálaáætlun skapar. Þannig kemur t.d. fram í umsögn frá Lögreglustjórafélagi Íslands að efling landhelgisgæslu megi ekki bitna á eflingu almennrar löggæslu í landinu á meðan Sýslumadurinn á höfuðborgarsvæðinu lýsir yfir áhyggjum af því að aukin fjárþörf vegna fjölgunar hælisleitenda muni bitna á fjárveitingum til sýslumannsembættanna. Það hlýtur að teljast óheillavænleg þróun að óvissa af völdum fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar orsaki slíka árekstra innan stjórnsýslunnar.

Einstakir þættir fjármálaáætlunar.

Dómstólar.

Fram kemur í umsögn dómsstólaráðs að ekki verði komið að fullu til móts við kröfur héraðsdómstólanna um aukið fjármagn en þar segir:

„Í afriti af bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 4. apríl sl., til fjárlaganefndar Alþingis vegna undirbúnings fjármálaáætlunar 2018-2022 kemur fram að einungis reynist vera svigrúm að hluta til þess að mæta óskum héraðsdómstólanna um auknar fjárheimildir. Þar kemur fram að stefnt sé að því að veita 50 m.kr. á árinu 2018 til héraðsdómstólanna m.a. til þess að standa straum að kostnaði við endurnýjun málaskrár og frágangi dómskjala. Óskir héraðsdómstólanna um auknar fjárheimildir á árinu 2018 námu hins vegar samtals tæplega 99 m.kr. Þar á meðal var fastur launakostnaður vegna fjölgun starfsmanna um 33 m.kr. Endurnýjun tölvubúnaðar allra héraðsdómstólanna 11 m.kr. og tækni- og húsbúnaðar fyrir dómsali um 22 m.kr.“

Fram kemur á bls. 116 í fjármálaáætlun að svigrúm hennar sé ekki nægjanlegt til þess að fjármagna þessi áform. Raunar virðist sú afstaða ríkisstjórnarinnar vera allsráðandi þegar kemur að eflingu dómsvaldsins, en á sömu blaðsíðu kemur einnig fram að svigrúm fjármálaáætlunar sé ekki nægjanlegt til þess að fjármagna hin ýmsu verkefni og áform sem liggja fyrir að þarfnist nauðsynlega úrlausnar á tímabilinu.

Eftirfarandi eru dæmi um verkefni og áform sem fjármálaáætlun nefnir sem nauðsynleg til að styrkja starfsemi dómstólanna:

Að ráðast í gerð nýrrar málaskrár fyrir héraðsdómsstigið sem styður við rafræna málsmeðferð og rafræna sendingu gagna milli dómsstóla sem og áðurnefnda endurnýjun húsbúnaðar, tölvubúnaðar starfsmanna, hugbúnaðar og tækja í dómsölum en svigrúm fjármálaáætlunar er ekki nægjanlegt til að fjármagna þessi áform.

Þá er tilgreint að helstu áskoranir dómstólasýslunnar verði að koma á fót nýrri stofnun sem verði í stakk búin til þess að takast á við ný og umfangsmikil verkefni. Um þau áform segir í fjármálaáætlun á bls. 116:

„Nauðsynlegt er hjá dómstólasýslunni starfi fólk [sic] sem hefur þekkingu og menntun til að sinna þeim lögbundnu verkefnum og skyldum sem stofnuninni er ætlað að bera ábyrgð á. Fyrirfram má telja æskilegt að þar starfi lögfræðingur, fjármálastjóri, upplýsinga- og skjalastjóri og tölvunarfræðingur. Svigrúm fjármálaáætlunar er ekki nægjanlegt til að fjármagna slík áform.“

Um stofnun nýs dómsstigs er fjallað í fjármálaáætlun og greint frá því á bls. 117 að því fylgi fjölgun dómara úr 52 í 64 og að fjárhagsleg áhrif nýrrar dómstólaskipanar sé metin á um

700 millj. kr. á ári eða sem nemur um 35% aukningu til málefna sviðsins árið 2018. Af þeim sökum er það talið brýnt fyrir dómstigin þrjú auk ákærvalds, lögreglu og fullnustustofnana að koma sameiginlega á rafrænni málsmeðferð þar sem unnt verði að senda skjöl og önnur gögn, t.d. hljóð- og myndskrár á milli dómstóla og annara í réttarvörslukerfinu, þar á meðal til lögmanna. Fjármálaáætlun tilgreinir að til þess að mæta þeirri áskorun þurfi héraðsdómstólar að uppfæra málaskrá sína og koma upp skýrslutökubúnaði í hljóði og mynd til spilunar í Landsrétti og Hæstarétti þrátt fyrir að á bls. 116 komi fram að svigrúm fjármálaáætlunar sé ekki nægjanlegt til að fjármagna þessi áform.

Misvísandi framsetning af þessu tagi er ekki til þess fallin að auka trúverðugleika fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar sem virðist gefa á einni blaðsíðu en taka á annarri. Ómögulegt er með öllu að átta sig á hvernig framtíð réttarvörslu á Íslandi verður háttad af lestri fjármálaáætlunarinnar. Þá gildir einu þótt klórað sé í bakkann með því að vísa í að til standi að vinna dómstólaáætlun í samvinnu ráðuneytisins og dómstóla, þar sem fram munu koma markmið, mælikvarðar og aðgerðir tengdar dómstólum enda ættu þær með réttu að koma fram í fjármálaáætlun einnig.

Að framansögðu er ógerningur fyrir 3. minni hluta að mynda sér upplýsta afstöðu um það hvernig staðinn verður vörður um sjálfstæði og virkni dómstóla á landinu næstu fimm árin. Þó verður að teljast í hæsta máta óvenjulegt að telja upp fjöldann allan af meintum nauðsynlegum verkefnum og áskorunum dómstólanna og lýsa því svo yfir í kjölfarið að ekki sé svigrúm til þess að fjármagna verkefnið né viðbrögð við áskorunum. Framtíð réttarverndar á Íslandi er 3. minni hluta því verulegt áhyggjuefni.

Löggæsla.

Í 9. kafla um almanna- og réttaröryggi er því haldið fram að fjölga eigi lögreglumönnum á tímabilinu. Þó kemur hvergi fram í áætluninni um hversu mörg stöðugildi sé að ræða né hvenær umrædd fjölgun verði. Hins vegar kemur eftirfarandi fram í umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu:

„Í kafla frumvarpsins um aðhaldsforsendur á bls. 56 kemur fram að gengið er út frá 2% veltutengdu aðhaldi á árinu 2018. Einnig segir að gert sé ráð fyrir árlegum aðhaldsmarkmiðum. Miðað við veltu embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu má því reikna með að fækka þurfi um 6-8 stöðugildi lögreglumanna strax á næsta ári til að mæta um 90 m.kr. aðhaldskröfu og reikna má skv. þessu með fækkun lögreglumanna á hverju ári. Þetta er úr takt við þá fullyrðingu frumvarpsins að fjármögnun löggæsluáætlunar sé tryggð (bls. 65) en í kafla 9 (bls. 174) þar sem fjallað er um löggæsluáætlun er ekki minnst á fækkun lögreglumanna.“

Af framansögðu fæst ekki séð hvernig fjármálaáætlun geri ráð fyrir fjölgun lögreglumanna á tímabilinu og dagljóst að lögreglumönnum verður ekki fjölgað um 200, líkt og ríkislögreglustjóri bendir á að sé nauðsynlegt til þess að tryggja viðunandi löggæslu og öryggisstig í landinu. Óviðunandi er með öllu að markmið ríkisstjórnarinnar um fjölgun lögreglumanna komi ekki skýrt fram í áætluninni og að þess í stað séu þar mjög misvísandi upplýsingar að finna.

Ákærvaldið.

Fram kemur í fjármálaáætlun á bls. 178 að búist sé við auknu álagi á embætti ríkissaksóknara á tímabili áætlunarinnar. Það komi m.a. til vegna fjölgunar og aukinnar þyngdar mála vegna breytts og flóknara brotamynsturs, aukinnar áherslu á alþjóðlegt samstarf og eftirlits- og stjórnunarhlutverks ríkissaksóknara m.a. með hlustunum og sérstökum rannsóknaraðgerðum. Yfirlýst markmið fjármálaáætlunar er einnig að auka málshraða og meðferð mála hjá ákærvaldinu. Þá er vikið að því í áætluninni að með tilkomu nýs dómsstigs,

Landsréttar, muni álag á embætti ríkissaksóknara aukast til muna. Þrátt fyrir þessar viðamiklu áskoranir og aukið álag inniheldur fjármálaáætlun hvorki mælikvarða né viðmið til þess að meta hvernig gengur að takast á við fyrirhugaðar breytingar. Þá kemur fram að einungis eigi að bæta tveimur saksóknurum við embætti ríkissaksóknara á tímabilinu þrátt fyrir að til standi að setja á fót nýtt dómstig sem ríkissaksóknari þurfi að sinna ásamt öðru. 3. minni hluti telur óásættanlegt með öllu að starfsemi einnar grunnstoðar réttarríkisins á Íslandi sé teft í jafn mikla tvísýnu og fjármálaáætlun gefur til kynna að verði.

Fullnustumál.

Í fjármálaáætlun á bls. 180 kemur fram það sjónarmið ríkisstjórnarinnar að:

„Með innleiðingu fjölskylduleyfa og auknu fjármagni í félags- og sálfræðiráðgjöf innan fangelsanna munu dómþolar **vonandi** aðlagast betur að samfélaginu eftir að fangelsisvist líkur og ítrekun brota þannig síður líkleg.“ (Feitletrun höfunda.)

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin voni að dómþolar aðlagist betur að samfélaginu með tilkomu aukins fjármagns til félags- og sálfræðiráðgjafar í fangelsum er fjölgun stöðugilda sálfræðinga eða félagsfræðinga ekki að finna í markmiðasetningu málefnasviðsins né sem viðmið. Einungis er tilgreind sú aðgerð á bls. 188 að efla eigi sálfræði- og meðferðarúrræði í fangelsum, sem hlýtur að teljast markmið en ekki aðgerð án frekari skýringa.

Markmið ríkisstjórnarinnar um að stuðla að farsælli aðlögun dómþola að samfélaginu virðist því einvörðungu eiga að mæla með tölum um endurkomutíðni í fangelsin en 3. minni hluti hefur efasemdir um að sá mælikvarði sé yfirhöfuð marktækur. Vísað er til þess að endurkomutíðni í fangelsin sé í dag um 24% án þess að heimild fyrir þeirri staðhæfingu sé tekin fram í meginmáli áætlunarinnar. Þó kemur fram í neðalmálgrein á bls. 187 að um sé að ræða „norrænar samburðarrannsóknir á endurkomutíðni“. 3. minni hluti telur að með því sé verið að vísa í skýrslu sem gefin var út árið 2010 sem byggist á endurkomutölum frá árinu 2005 þó ekki sé hægt að slá því föstu þar sem nákvæma tilvísun vantar í fjármálaáætluninni. Sé sú raunin verða það þó að kallast forkastanleg vinnubrögð að vísa í 12 ára gamla tölfræði til þess að lýsa stöðu mála hvað varðar endurkomutíðni árið 2016, eins og gert er í markmiðasetningu málaflokksins á bls. 187. Þá er það til marks um metnaðarleysi stjórnvalda í þessum efnum að viðmið ársins 2022 er einfaldlega lýst sem svo að lækka eigi endurkomutíðni undir 24%.

Að framansögðu verður ekki ráðið hvernig ríkisstjórnin hyggst minnka endurkomutíðni né stuðla að farsælli aðlögun dómþola að samfélaginu að afplánun lokinni og því er erfitt að sjá hvernig markmiðum laga um fullnustu refsinga þess efnis verði náð.

Persónuvernd.

Í fjármálaáætlun er vikið nokkuð ítarlega að því að hlutverk Persónuverndar muni breytast til muna með tilkomu nýs regluverks á sviði persónuverndar sem kemur til framkvæmda í Evrópu í maí 2018. Reglugerðin felur í sér umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á þessu sviði í 20 ár og munu þær hafa áhrif á fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.

Regluverkið felur í sér aukin réttindi einstaklinga en samhliða þeim eru fjölmargar nýjar skyldur og kröfur lagðar á þá aðila sem vinna með persónuupplýsingar. Innleiðing reglugerðarinnar mun því fela í sér að hlutverk Persónuverndar verður miklu víðtækara en áður, leiðbeiningarskylda stofnunarinnar eykst ásamt aukinni alþjóðlegri samvinnu sem felur í sér nauðsyn á víðtækum breytingum á starfsaðferðum og aðbúnaði Persónuverndar en stofnunin hefur löngum verið vanfjármögnuð. Raunar hefur Persónuvernd verið svo illa stödd fjárhagslega að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur tilkynnt íslenskum stjórnvöldum að hún telji sjálfstæði Persónuverndar ekki nægilega tryggt.

Þrátt fyrir þessar víðamiklu breytingar og þörf fyrir stóraukin fjárútlát til handa Persónuvernd telur stofnunin að hið minnsta 100 millj. kr. vanti upp á til þess að hún geti sinnt lágmarkskröfum hins nýja umhverfis með löglegum hætti. Hlýtur það að teljast verulega ámælisverð og hættuleg þróun varðandi þau mannrétti sem eiga hvað mest undir högg að sækja á upplýsingatækniöld, en það er friðhelgi einkalífsins í stafrænum heimi og getur 3. minni hluti ekki annað en mótmælt þessu fjársveltí harðlega.

Málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Á bls. 191 í fjármálaáætlun eru málefni útlendinga reifuð. Fram kemur að áður óþekktur fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd barst árið 2016 en í lok árs voru framlagðar umsóknir 1.132 en þær voru aðeins 354 árið áður. Fram kemur að gera þurfi ráð fyrir að þessi þrófun haldi áfram á árinu 2017, m.a. vegna þess að fyrstu mánuði þessa árs hafi borist fleiri umsóknir um vernd en sömu mánuði síðustu ár. Gert er ráð fyrir áframhaldandi sveiflum í málaflöknum með tilheyrandi ófyrirsjáanleika varðandi kostnað.

Fram kemur á bls. 191–192 að nú þegar hafi verið brugðist við auknum fjölda umsókna um alþjóðlega vernd frá umsækjendum frá Albaníu og Makedóníu með því að afturkalla heimild til frestunar réttaráhrifa vegna umsókna um vernd þegar umsækjandi kemur frá ríki sem Útlendingastofnun metur sem öruggt upprunaríki. Þrátt fyrir að þessi lagasetning mismuni fólki á grundvelli þjóðernis og stangist á við Evróputilskipun um réttindi einstaklinga sem vísa á úr landi virðist sem svo að henni sé ætlað að fækka hlutfalli svokallaðra tilhæfulausra umsókna frá öruggum löndum verulega, eða úr 61% árið 2016 niður í 5% árið 2022. Engar aðrar vísanir um hvernig að þessari fækkun skuli staðið er að finna í fjármálaáætlun sem vekur áhyggjur þar sem ekki getur talist skýrt hvernig lagasetning sem líklega verður felld úr gildi vegna ósamræmis við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands muni minnka fjölda umsókna um alþjóðlega vernd jafn verulega og gert er ráð fyrir án þess að mannréttindi umsækjenda verði skert enn frekar en raun ber vitni.

Réttindi einstaklinga.

Fjármálaáætlun tilgreinir hvergi ítarlega hvernig markmið og viðmið til bættrar verndar á réttindum einstaklinga skuli háttað að því undanskildu að henni er tíðrætt um að efla upplýsingagjöf á vefsíðum hinna ýmsu stofnana, t.d. Útlendingastofnunar og sýslumannsembættanna, sem skuli mæld með úttekt á gæðum opinberra vefsíðna. Metnaðarleysi og í raun markmiðaleysi ríkisstjórnarinnar í þessum málaflökki er því algjört.

Fullgilding OPCAT.

Fram kemur á bls. 194 að vilji sé til þess að innleiða valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og að til greina komi að fela umboðsmanni Alþingis að sinna eftirlitinu. Viljinn er þó ekki meiri en svo að áætlunin tilgreinir að ekki sé fjárhagslegt svigrúm til þess að ráðast í verkefnið að sinni.

Þó er hér um að ræða eina mikilvægustu réttarbót seinni tíma fyrir þá sem af einhverjum orsökum eru sviptir frelsinu af hinu opinbera. Fordæma verður að ríkisstjórnin svíki með þessu ítrekuð loford um að koma innleiðingunni í gagn hið fyrsta og telja með ólíkindum að ekki standi til að gera bragarbót á þessu mikilvæga máli á næstu fimm árum.

Menntamál

Undir málefnasvið allsherjar- og menntamálanefndar falla málefni framhaldsskóla. Framlög ársins 2017 til málaflökksins eru 30.299 millj. kr. en ráðgert er samkvæmt fjármálaáætlun að árið 2022 verði þau 29.667 millj. kr. Áætlunin gerir þannig ráð fyrir því að

framlög til málaflokksins verði nær óbreytt til ársins 2018 og að raungildi lækki lítillega eftir það. Áætlað er að sparnaður þessi muni nást fram með styttingu námstíma til stúdentsprófs. Í fjármálaáætlun fyrri ríkisstjórnar fyrir árin 2017–2021 var aftur á móti fyrirhugað að framlög til framhaldsskólastígs mundu aukast um 3,2 milljarða kr. að raunvirði frá og með árinu 2016 til ársins 2021 en áætlunin gerði ráð fyrir því að sá sparnaður sem felli til vegna styttingar námstíma mundi haldast innan kerfisins og færi í að efla framhaldsskólastigið enn frekar. Í því sambandi er mikilvægt að geta þess að við styttingu framhaldsskólanáms munu útgjöld á hvern nemanda aukast um sem nemur 3–5% á ári að raunvirði. Ljóst er að núverandi ríkisstjórn hyggst víkja frá þessari stefnu og stuðla þannig að frekari niðurskurði á fjárveitingum til framhaldsskóla, sem hafa nú verið vanfjármagnaðir um nokkuð skeið. Í raun er það svo að alla greiningu skortir á því hvaða áhrif fyrirbyggjandi fjármálaáætlun hafi á starfsemi framhaldsskólanna.

Nýlega kom í ljós að ráðherra mennta- og menningarmála hefur um nokkurt skeið unnið að sameiningu skóla á framhaldsskólastigi. Þar er sérstaklega til skoðunar sameining hins einkarekna Tækniskóla og hins ríkisrekna Fjölbrautaskóla við Ármúla annars vegar og sameining fjölda framhaldsskóla á Norðurlandi hins vegar. Ekki er að neinu leyti fjallað markvisst um mögulega sameiningu framhaldsskóla í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar að undanskilinni almennri umfjöllun og markmiðasetningu sem felst í því að stuðla að og efla samvinnu framhaldsskóla. Það verður að teljast ljóst að fyrirhugaðar sameiningar geti ekki talist eiga næga stöð í fjármálaáætlun.

Þá hefur háskólaráð Háskóla Íslands lýst miklum vonbrigðum með fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Háskóli Íslands lýsir í umsögn sinni óánægju með það að honum hafi ekki verið send þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun til umsagnar. Slík vinnubrögð verður í það minnsta að telja ófagleg þar sem um ræðir stærstu menntastofnun landsins. Stjórnvöld hafa á undanförunum árum gefið ýmis loforð um áþreifanlega aukinn stuðning við háskólakerfið. Felast þau einna helst í því að framlög til háskólanna á hvern nemanda skyldu í það minnsta vera sambærileg við meðaltal OECD-riksa. Var því m.a. haldið fram í aðdraganda síðustu alþingiskosninga að Ísland skyldi stefna að þessu markmiði. Telja verður ljóst að þessu markmiði verður ekki náð, þrátt fyrir að um hóflegt markmið sé að ræða. Þá hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands jafnframt bent á að framsetning fjármálaáætlunar sé villandi þar sem að með framlögum til háskóla séu talin framlög til byggingar Húss íslenskra fræða, Lánasjóðs íslenskra námsmanna og uppbyggingar nýs fagháskólastígs. Þannig er ekki ljóst hversu miklum fjármunum skuli verja til háskólakerfisins en telja verður ljóst að aukin fjárframlög til málaflokksins muni ekki skila sér til háskólanna.

Verður að telja ámælisvert að framsetning fjármögnunar málaflokksins sé svo óglögg og að málaflokkar séu ekki nægilega aðgreindir. Slíkt fyrirkomulag er í mótstöðu við grunngildi fjármálaáætlunar um gagnsæi samkvæmt lögum um opinber fjármál. Þá má einnig benda á að fjármálaáætlun tekur ekki á brýnum húsnæðisvanda sem Listaháskóli Íslands hefur glímt við um tveggja áratuga skeið. Með fjármálaáætlun þessari er því lýst yfir að það sé ekki hluti af stefnu stjórnvalda að leysa þann vanda á þeim árum sem áætluninni er ætlað að gilda.

Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál.

Að lokum ber að nefna áherslur fjármálaáætlunar undir liðnum menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál sem vekja upp ýmsar áleitnar spurningar. Þar kemur m.a. fram að ríkisstjórnin hyggist mæla árangur sinn að því markmiði að bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi með fjölgun skráðra iðkenda í skipulögðu íþróttastarfi, skráðra skáta og skráðra þátttakenda í barna og unglingastarfi KFUM og KFUK verulega á tímabilinu.

Þannig koma fram þau yfirlýstu viðmið ríkisstjórnarinnar á bls. 257 að stefna skuli að fjölgun skráðra skáta og skráðra þátttakenda í barna- og unglingastarfi KFUM og KFUK

úr 2.174 (skátar) og 938 (KFUM og KFUK) árið 2016 í annars vegar 2.280 skáta árið 2018 og 2.400 2022 og hins vegar 1.100 þátttakenda í starfi KFUM og KFUK árið 2018 og 1.300 árið 2022.

Þriðji minni hluti furðar sig á þessum viðmiðum fjármálaáætlunar enda hlýtur það að teljast í hæsta máta óeðlilegt að fjármálaáætlun hafi fjölgun þátttakenda í örfáum afmörkuðum tómstundafélögum barna að viðmiði sínu, þess þá heldur þegar annað þeirra byggist á trúarinnrætingu og kristniboði. Sér í lagi þar sem hvergi er að finna sambærileg markmið fyrir nein önnur tómstundafélög í áætluninni.

Til samanburðar má nefna að ráðuneyti mennta- og menningarmála auðnaðist ekki að setja sér viðmið af neinu tagi um úthlutanir úr sjóðum til ungra listamanna eða menningarfrömuða, né viðmiðum til eflingar íslenskrar kvikmyndagerðar og menningar á Íslandi.

Alþingi, 9. maí 2017.
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.
Björn Leví Gunnarsson.